



Fjarðabyggð

- Við hugsum áður en við hendum

2018

Ágætu íbúar



Með hliðsjón af aukinni áherslu á flokkun úrgangs, hefur Fjarðabyggð ákveðið að hefja söfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum og því mun þriðja sorptunnan brátt bætast við hinar tvær sem fyrir eru. Um að ræða hina svokölluðu **brúnu tunnu**, en í hana á að safna öllum lífrænum eldhúsúrgangi sem til fellur á heimilum og fyrirtækjum. Með því að stíga þetta skref vill sveitarfélagið leitast við að veita bestu mögulegu þjónustu í sorphirðu- og úrgangsmálum.

Með því að hefja sérstaklega söfnun á lífrænum úrgangi er stigið enn eitt skrefið í að minnka kostnaðarsama og óumhverfisvæna urðun. Þeim lífræna úrgangi sem til fellur verður síðan breytt í fyrirtaks moltu sem íbúar geta nýtt sér til ræktunar. Þannig verður til mikilvæg hringrás efna þar sem úrgangi er breytt í afurð. Til að fylgja þessu mikilvæga verkefni eftir mun Fjarðabyggð í samstarfi við þjónustuaðila í sorphirðu, vera með kynningu og fræðslu í flokkun og úrgangsmálum á næstu misserum m.a. með heimsóknum á heimili, kynningar í skólum og á opinberum vettvangi.

Sveitarfélagið er vel á veg komið í umhverfismálum og gaman hefur verið að sjá hversu mjög ásýnd fjarðanna hefur breyst til hins betra á skömmum tíma. Þeir vekja aðdáun fyrir snyrtimennsku og náttúrufegurð og draga að sér fólk víðsvegar af landinu og úr öllum heiminum. Þessir fallegu firðir eru arfur næstu kynslóða og með góðri umgengni munum við vonandi skila landinu af okkur í enn betra ástandi en þegar við tókum við því. Okkur ber að axla ábyrgð í úrgangs- og umhverfismálum og ein leið til þess er að koma í veg fyrir hverskyns sóun. Því er mikilvægt að við endurnýtum og endurvinnnum hráefni eins og kostur er.


Það er mikilvægt verkefni framundan og til þess að það heppnist sem best þarf samstillt átak íbúa og fyrirtækja; átak sem hefst á hverju heimili því með því að minnka það sorp sem fer til urðunar tókum við stórt skref í átt að enn umhverfisvænna samfélagi. Ég veit af fyrri reynslu að von er á góðri samvinnu allra íbúa sveitarfélagsins í þessu mikilvæga verkefni. Það er í þágu okkar allra, og ekki síst þeirra kynslóða sem á eftir koma, að umhverfismálin í sveitarfélaginu séu eins og best verður á kosið.

Bestu kveðjur,

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri

Mikilvægi endurvinnslu

Allar þær umbúðir og annað sem við notum við daglegt heimilishald er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna í náttúrunni. Plast er t.d. unnið úr olfu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré felld til að framleiða pappír og pappa.



Markmiðið með endurvinnslu er að til verði hringrás. Hringrásin miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka álag á auðlindir jarðar. Þannig má einnig draga úr því magni úrgangs sem þarf að urða.

Flokkun til endurvinnslu stuðlar að aukinni hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré og 26.000 lítrar af vatni. Auk þess fer mun minni orka í að endurvinna hráefni en við frumvinnslu þess. Endurvinnsla áls þarfnast t.d. einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls.

Fjarðabyggð hefur verið þátttakandi í að viðhalda hringrás hráefna frá árinu 2008 þegar íbúum var boðið að fá græna tunnuna. Árið 2010 höfðu allir íbúar fengið grænu tunnuna og frá þeim tíma hefur dregið verulega úr því magni sem fer til urðunar. Á síðasta ári söfnuðust 156 tonn af hráefni vegna endurvinnslu í Fjarðabyggð, magn sem áður hefði farið í urðun.

Það hráefni sem safnast í Grænu tunnuna (endurvinnsluhráefnið) fer í flokkunarstöð Íslenska Gámafélagsins á Reyðarfirði þar sem það er flokkað og undirbúið til útflutnings.

Bestu kveðjur frá starfsfólki Íslenska Gámafélagsins.



Flokkun í Grænu tunnuna



Græna tunnan er fyrir endurvinnanlegan heimilisúrgang.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

***ATH! Innihald Grænu tunnunnar er ekki rusl.
Hreinsa þarf umbúðir og skola fernur.***

Nánari útskýringar á því sem fer í Grænu tunnuna er að finna í leiðbeiningum á opnu handbókarinnar.

Flokkun í Brúnu tunnuna



Brúna tunnan er fyrir lífrænan úrgang og í hana mega fara allir matarafgangar sem falla til á heimilinu og annar lífrænn úrgangur. **Dæmi um lífrænan úrgang frá heimilum er afskurður af ávöxtum, kjöt- og fiskafgangar, brauðmeti, kaffikorgur, tannstönglar, tepokar.** Stór bein eiga ekki að fara í brúnu tunnuna þar sem niðurbrot þeirra er afar hægt.

Mjög mikilvægt er að nota eingöngu maíspoka í lífræna ílátið því að plastpokar brotna ekki niður í jarðgerðinni.

Flokkun í Gráu tunnuna



Í Gráu tunnuna fer úrgangur sem ekki flokkast í skilgreindan endurvinnsluferil

Dæmi; gler, bleyjur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa, stór bein o.fl.

Gler má einnig fara með á söfnunarstöðvar og er þá notað í landfyllingar.



Fjölnota poka



Plast er til margra hluta nytsamlegt og kemur víða við sögu í nútíma lífnaðarháttum. Umhverfisáhrif plasts við framleiðslu og förgun geta hins vegar verið afar neikvæð, auk þess sem þau geta haft slæm heilsufarsleg áhrif. Þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að plastnotkun verði hætt á næstu árum, er nauðsynlegt að takmarka notkun á einnota plastvörum, en einnota vörur eru aldrei góðar fyrir umhverfið.

Burðarplastpokinn er aðeins einn angi af þessu, en kannski sá einfaldasti að eiga við. Við höfum ótal aðrar lausnir sem kosta okkur svipað eða minna að nota. Má þar nefna fjölnota poka úr taui eða öðru endingargóðu efni og svo máispokann sem er úr niðurbryótanlegu efni. Með því að hætta plastpokanotkun má draga verulega úr neyslu á einnota plasti sem endar í urðun eða sem verra er, úti í náttúrunni.



VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4.000 kwh af rafmagni

VISSIR ÞÚ?

Að með endurvinnslu á einni áldós sparar þú rafmagn sem dugar fyrir 3 klst. notkun á sjónvarpi

VISSIR ÞÚ?

Að hægt er að endurheimta góðmálma úr rafbúnaði með góðum árangri. Málma eins og gull, silfur, palladium og fleiri sjaldgæfa málma!

VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á einu tonni af plasti sparar 2.600 lítra af olíu

Við hugsum áður en við hendum...


Moltugerð

Ásamt því að flokka endurvinnanlegt hráefni frá almennu sorpi, geta íbúar Fjarðabyggðar nú einnig flokkað lífrænan heimilisúrgang. Íbúar í þéttbýli fá afhenta Brúnu tunnuna ásamt körfu til innanhúsnota og rúllu af maísþokum sem ætluð er fyrir þennan flokk, en tunnan verður losuð á þriggja vikna fresti.

Eftir losun Brúnu tunnunnar er lífræni heimilisúrgangurinn fluttur til starfsstöðvar Íslenska Gámafélagsins á Reyðarfirði þar sem hann fer í jarðgerð. Þar er hann blandaður hrossaskít og timburkurli og settur í múga sem síðan eru huldir timburkurli. Múgunum er snúið reglulega þar til úr verður fullþroskuð molta, sem þá er sigtuð og tilbúin til notkunar.

Moltan er næringarríkur jarðvegsbætir sem nýtist t.d. vel til landgræðslu og sem yfirlag á trjábeð og til íblöndunar við gróðurmold.

Til að tryggja gæði moltunnar er mikilvægt að vel sé vandað til verka og eru íbúar beðnir um að fara eftir leiðbeiningum á miðopnu handbókarinnar. Vinnsla moltunnar fer síðan fram samkvæmt skilgreindum verkferlum Íslenska Gámafélagsins.



Á opnunni eru leiðbeiningar sem má rífa úr
bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

Flokkunartafla

Græna tunnan



Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. **Fer beint í Grænu tunnuna**, án umbúða.

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í Grænu tunnuna, án umbúða.

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. **Fer beint í Grænu tunnuna**, t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilma

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **Grænu tunnuna í gegnsæjum plastpoka**. Stærri hlutir **fara beint í tunnuna**

Málmar



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álappír, krukkulok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. **Má fara beint í Grænu tunnuna**.

Flokkunartafla

Brúna tunnan

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Lífrænt heimilissorp



Í **Brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maíspokann) áður en hann er settur í tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgrión o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Kartöflur



Afskorin blóm




Eldhúspappír



Tannstönglar

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má rífa úr
bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki



Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.




Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Hætta er á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. ***Umfram heimilisúrgangi má skila á söfnunarstöðvar og greiða fyrir með klippikortinu***



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem háлка getur verið varasöm.



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólýkt.



Losunardagatal fyrir árið 2018

Gráa, Græna og Brúna tunnan eru allar losaðar á þriggja vikna fresti.

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28			

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30					

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	


desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

Reyðarfjörður

Eskifjörður

Norðfjörður

Stöðvar- og Fáskrúðsfjörður



Athugið að dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.



Fjarðabyggð 2018

Söfnunarstöðvar og móttökustöð

Móttökustöð Fjarðabyggðar er á Reyðarfirði. Þar er tekið á móti stærri förmum af úrgangi frá fyrirtækjum og einstaklingum. Allur úrgangur er fluttur á móttökustöð til vinnslu, þar sem hann er flokkaður og ýmist fluttur til urðunar eða sendur til endurvinnslu.

Staðsetningar söfnunar– og móttökustöðva:

Norðfjörður—Naustahvammi 51

Eskifjörður—Strandgötu


Reyðarfjörður—Hjallanesi 8

Fáskrúðsfjörður—Nesvegi 13

Stöðvarfjörður—Byrgisnesi

Opnunartímar eru eftirfarandi:

Staður	mán	þrið	mið	fim	fös	lau
Norðfjörður	15:00-18:00		15:00-18:00		14:00-18:00	12:30-17:00
Eskifjörður	15:00-18:00		15:00-18:00		14:00-18:00	12:30-17:00
Reyðarfjörður	14:00-18:00	14:00-18:00	14:00-18:00	14:00-18:00	14:00-18:00	12:30-17:00
Fáskrúðsfjörður		14:00-18:00				12:30-17:00
Stöðvarfjörður				14:00-18:00		12:30-17:00



Í Fjarðabyggð er mikill metnaður lagður í umhverfismál. Verkefnastjóri umhverfismála starfar með öflugu teymi starfsmanna sem láta sig varða flest það er lýtur að bættu umhverfi. Hlutverk verkefnastjóra umhverfismála er m.a. að sjá um innleiðingu á nýjungum eins og söfnun á lífrænum úrgangi og notkun klippikorts á söfnunarstöðum. Hvort tveggja er liður í því mikilvæga ferli að minnka þann úrgang sem endar í urðun. Reynslan hefur sýnt að þegar úrgangsmál eru yfirfarin innan stofnana eða fyrirtækja hefur það yfirleitt í för með sér lækkun kostnaðar auk þess að vera betra fyrir umhverfið. Þau samfélög sem setja umhverfismálin í fyrsta sæti eru þau sem hugsa til framtíðar. Við breytingar þær er lúta að söfnun á lífrænum úrgangi og notkun klippikorts munu vakna ýmsar spurningar og er undirrituð ávallt tilbúin til ráðgjafar um þessi mál og önnur er tengjast úrgangsmálum.

Ragna Dagbjört Davíðsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála



Klippikort

Frá og með janúar 2018 er aðeins hægt að greiða fyrir gjaldskyldan úrgang á móttöku- og þjónustustöðum með klippikorti. Heimili í Fjarðabyggð fá úthlutað einu klippikorti á ári en fyrirtæki þurfa að greiða fyrir kortin. Kortið gildir fyrir $4,0 \text{ m}^3$ af gjaldskyldum úrgangi og er skipt niður í $0,25 \text{ m}^3$ hluta. Í hvert skipti sem komið er með gjaldskyldan úrgang á móttöku- og söfnunarstöð er klippt samsvarandi magn af kortinu.

Frekari upplýsingar má finna á bakhlið handbókarinnar og á heimasíðu Fjarðabyggðar: www.fjardabyggd.is

Athugið! Gott er að flokka úrgang áður er komið er með hann á á söfnunarstöðvar. Ef úrgangur kemur blandaður saman (gjaldskylt og ógjaldskylt) þarf að greiða fyrir allan úrganginn.

Dæmi um gjaldfrjálsan úrgang:



Dæmi um gjaldskyldan úrgang:



Hvað er gert þegar komið er á gáma-svæðið?

Starfsmaður tekur á móti viðskiptavini og kannar það rusl og endurvinnslu-efni sem viðkomandi er með og vísar honum á rétta losunarstaði. Ef um er að ræða gjaldskyldan úrgang klippir starfsmaður viðeigandi magn af kortinu.

Er hægt að greiða með peningum á móttöku- og söfnunarstöðum?

Nei. Einungis er tekið við klippikortum en hægt er að kaupa nýtt kort á stöðvunum.

Hvað gerist ef kort klárast eða týnist?

Þá er nauðsynlegt að kaupa nýtt kort á næstu móttöku- og söfnunarstöð.

Hvað kostar klippikort?

Verð á klippikortum er 9.920 kr.

Hvar fæst klippikort?

Fyrstu klippikortin verða send á hvert heimili en svo er hægt að kaupa klippikort á næstu mótöku- og söfnunarstöð

Hverjir fá frítt klippikort?

Öll heimili fá afhent klippikort við upphaf hvers árs, það fyrsta í janúar 2018.



Umhverfissvið Íslenska Gámafélagsins ehf.